

Fimmtudaginn 2. febrúar 1995.

Nr. 155/1993.

Rækjunes hf.

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

Jens Óskarssyni

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Sjómenn. Slit ráðningarsamnings. Bætur fyrir uppsögn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1993. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hlutaðist áfrýjandi ekki til um, að gerður yrði skriflegur ráðningarsamningur við stefnda þrátt fyrir brýna lagaskyldu, sbr. 42. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Verður því fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að áfrýjandi beri halla af skorti á sönnun um lengd ráðningartíma stefnda. Verður lagt til grundvallar dómi, að ráðningartími hans hafi ekki verið liðinn 3. janúar 1990, er nýr skipstjóri var ráðinn í stað stefnda á vélskipið Smára, SH-221.

II.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi beri sönnunarbyrði um það, að áfrýjandi hafi slitið ráðningarsamningi við hann. Engin slík sönnun sé fram komin, og engri yfirlýsingu um uppsögn hafi verið beint að stefnda. Ef stefndi hefði talið, að ráðningarsamningi væri slitið vegna andstöðu skipverja á Smára við það, að hann gegndi áfram stöðu skipstjóra, hefði stefnda sjálfum borið að eyða allri óvissu um stöðu sína með því að ræða við fyrirvarsmann áfrýjanda. Það hafi

hann ekki gert þrátt fyrir tilraun framkvæmdastjóra áfrýjanda til að ræða við hann um stöðu málsins. Með framkomu sinni hafi hann sjálfur gengið úr skiprúmi 3. janúar 1990. Hann eigi því ekki rétt til bóta fyrir fyrirvaralausa brottvikningu samkvæmt 45. gr. sjómannalaga.

Sigurjón Helgason, framkvæmdastjóri áfrýjanda, gaf skýrslu fyrir dómi. Þar skýrir hann svo frá, að stefndi hafi komið til sín áður nefndan dag og spurt, hvort skipinu yrði áfram haldið til veiða, en um það hafi áður verið vafi vegna greiðsluerfiðleika útgerðarmanns. Svar sitt við því hafi verið jákvætt. Hafi hann jafnframt boðið stefnda að vera áfram skipstjóri, ef hann gæti náð um það samkomulagi við aðra skipverja. Samstarfsörðugleikar hafi verið komnir upp milli skipstjóra og annarra skipverja, en um það hafi hann ekki vitað mikið sjálfur. Hafi hann beðið stefnda að tala við skipverja og fá úr þessu skorið.

Stefndi skýrir svo frá í aðilaskýrslu sinni, að fundurinn með Sigurjóni Helgasyni hafi verið haldinn kl. 15 þennan dag. Þegar hann gekk af fundinum, hafi hann mætt skipverjum, sem voru á leið til fundar við Sigurjón. Hafi hann sjálfur farið heim við svo búið. Skömmu síðar hafi stýrimaðurinn á skipinu hringt í sig og skýrt frá því, að skipverjar hefðu komið sér saman um að neita að fara á sjó með stefnda sem skipstjóra. Hafi Sigurjóni Helgasyni verið skýrt frá þessu. Eftir þetta símtal kveðst stefndi hafa talað við þrjá aðra skipverja, sem efnislega hafi staðfest frásögn stýrimanns.

Í ljósi þessara atburða þykir mega fallast á, að stefndi hafi með réttu mátt líta svo á, að ráðningu hans sem skipstjóra væri slitið, þar eð hann gæti ekki fullnægt því skilyrði, sem honum var sett fyrir um daginn, að skipverjar sættu sig við, að hann yrði áfram skipstjóri. Ræður þá engum úrslitum, þótt hann við þessar aðstæður leitaði ekki eftir frekari staðfestingu forsvarsmanns áfrýjanda um réttmæti þessarar ályktunar sinnar. Það styður enn frekar þá niðurstöðu, að framkvæmdastjóri áfrýjanda bauð öðrum manni að taka við skipstjórn að kvöldi sama dags, þótt framkvæmdastjórinn og stefndi hefðu ekkert ræðst við eftir fund þeirra fyrir um daginn, sem áður er getið.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á, að áfrýjandi sé bóta-

skyldur vegna slita á ráðningarsamningi stefnda, sbr. 2.–4. mgr. 45. gr. sjómannalaga.

III.

Áfrýjandi gerir þá kröfu til vara, að héraðsdómi verði breytt á þann veg, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti telur hann stefnda ekki hafa sannað fjártjón sitt. Engin grein sé gerð fyrir því, hvaða atvinnutekjur eða atvinnuleysisbætur hann hafi fengið á tímabilinu janúar–mars 1990. Skorar hann á stefnda að upplýsa það.

Samkvæmt yfirlýsingu lögmanns stefnda fyrir Hæstarétti, er styðst við gögn með skattframtali stefnda, námu launatekjur hans á nefndu tímabili 386.196 krónum. Koma þessar tekjur til frádráttar kröfu hans. Við ákvörðun bótafjárhæðar til stefnda þykir annars mega leggja varakröfu hans í málinu til grundvallar dómi, enda hefur áfrýjandi ekki fært næg rök fyrir mótmælum sínum gegn varakröfunni að öðru leyti.

IV.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 275.762 krónur (661.958–386.196) með vöxtum, eins og í dómsorði greinir. Þá verður áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Fallist er á kröfu stefnda um viðurkenningu sjóveðsréttar í vélskipinu Smára, SH-221, til tryggingar fjárhæðum þessum, sbr. 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. 199. gr. sömu laga.

Það athugast, að málið var dómtekið eftir aðalmeðferð þess í héraði 14. janúar 1993. Dómur var ekki upp kveðinn fyrr en 26. febrúar 1993. Er þessi dráttur á uppkvaðningu dóms aðfinnsluverður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Rækjunes hf., greiði stefnda, Jens Óskarssyni, 275.762 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1990 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi á sjóveðsrétt í vélskipinu Smára, SH-221, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

S é r a t k v æ ð i Gunnars M. Guðmundssonar

Ég er samþykkur I. kafla í dómi Hæstaréttar og aðfinnslum í niðurlagi hans.

Í aðilaskýrslu sinni greinir stefndi frá því, að á fundi 3. janúar með Sigurjóni Helgasyni, forstjóra áfrýjanda, hafi hann tjáð sér, að einhver óánægja væri í hópi skipverja, og beðið sig að kalla þá saman til viðræðna af því tilefni. Málið hlyti að leysast farsællega. Hafi hann tjáð Sigurjóni, að sjálfsagt væri að verða við þeim tilmælum. Stefndi kveðst hafa farið heim eftir fundinn með Sigurjóni, og stuttu síðar hafi stýrimaðurinn á v/b Smára hringt í sig. Hafi hann beðið sig að koma og ræða við skipshöfnina, en við því hafi hann ekki getað orðið, þar sem hann var einn heima með dóttur sína. Í framhaldi af þessu kveðst stefndi hafa rætt við þrjá aðra skipverja. Voru það símtöl við að minnsta kosti tvo þeirra. Í þeim samtölum kom glögg fram, að megn óánægja var meðal skipverja með störf hans sem skipstjóra. Tilgreinir stefndi í aðilaskýrslu sinni eftirfarandi ummæli einstakra skipverja, er að þessu líta: „... það hefði gengið mjög illa hjá mér að fiska skel í haust... þeir hefðu verið sammála um það að ég ætti að hætta því ég gæti ekki fiskað skel, það hefði sýnt sig í haust... það væri búið að samþykkja það að enginn færi um borð með Jens Óskarsson sem skipstjóra... ég ætti að hætta þessu því ég gæti þetta ekki, en ég gæti verið um borð áfram í annarri stöðu svo sem háseti. Ég ætti að lofa öðrum að sýna hvað þeir gætu...“

Í gögnum málsins bendir ekkert til þess, að nokkur af hálfu áfrýjanda hafi átt hlut að þessum ýfingum skipverja í garð stefnda.

Stefndi hafðist ekki frekar að í málinu. Hann hélt ekki fund með skipverjum þrátt fyrir tilmæli þeirra og þótt hann hefði lofað Sigurjóni Helgasyni því. Stefndi sá ekki heldur ástæðu til að ræða frekar við Sigurjón til að ganga úr skugga um viðhorf hans til stöðu stefnda sem skipstjóra á bátnum áfram, þótt ærið tilefni hefði gefist til þess eftir fund þeirra. Sigurjón kveðst aftur á móti hafa reynt árangurslaust að hafa tal af stefnda síðar þenna sama dag. Hefur sú

fullyrðing ekki verið vefengd af hálfu stefnda. Þetta aðgerðaleysi stefnda verður að meta svo í ljósi þess, sem að framan er rakið, að hann hafi verið orðinn þess ófús, úr því sem komið var, að vera áfram skipstjóri á v/b Smára.

Pegar framanskráð er virt, verður ekki fallist á það með stefnda, að gild ástæða væri fyrir hann að ætla, að honum hefði verið vikið úr stöðu skipstjóra, sbr. 2. mgr. 45. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, eða ráðning skipstjóra í hans stað verði, eins og á stóð, talin jafngilda því.

Samkvæmt því ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda. Eftir atvikum tel ég rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 26. febrúar 1992.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 14. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu með stefnu, birtri 5. febrúar 1991, af Jens Óskarssyni, kt. 170739-2489, Lág-holti 11, Stykkishólmi, á hendur Rækjunesi hf., kt. 470274-1289, Stykkishólmi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 805.674 kr. auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta svo og málskostnað]. Þá er krafist viðurkenningar á sjóveðsrétti í vs. Smára, SH-221, skipaskrárn. 778, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Til vara krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 661.961 kr. auk dráttarvaxta, málskostnaðar og viðurkenningar á sjóveðsrétti, svo sem greinir í aðalkröfu.

Til þrautavara krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 589.217 kr. auk dráttarvaxta, málskostnaðar og viðurkenningar á sjóveðsrétti, svo sem greinir í aðalkröfu.

Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var ráðinn skipstjóri á vélskipið Smára, SH-221, um mánaðamót september og október 1989. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda. Stefnandi var lögskráður á skipið 5. október 1989 ásamt skipshöfn sinni og afskráður 29. desember 1989. Við þessa lögskráningu var tekið fram í lögskráningarbók skipsins, að ráðningartími stefnanda og allrar áhafnarinnar væri út skelvertíð. Upp úr áramótum

1989/1990 var svo nýr skipstjóri í stað stefnanda ráðinn á skipið, án þess að stefnandi hefði um það nokkra vitneskju.

Stefnandi krafði stefnda um laun í uppsagnarfresti, en stefndi hefur hafnað öllum kröfum stefnanda í þá veru.

III.

Grundvöll krafna sinna í máli þessu kveður stefnandi vera ráðningarsamning, sem stefnandi og stefndi hafi gert með sér um mánaðamót september og október 1989. Kveður stefnandi, að ekkert hafi verið fastákveðið um ráðningartíma sinn sem skipstjóra á vélskipinu Smára, SH-221, þ. e. a. s., að ráðningartími hafi verið ótímabundinn.

IV.

Stefndi kveðst styðja sýknukröfu sína aðallega þeirri málsástæðu, að ráðningartími stefnanda hafi verið fyrir fram ákveðinn til áramóta 1989/1990, nánar tiltekið út skelvertíð, og því sé ekki um brottvísun úr starfi að ræða af hálfu stefnda, enda ráðningartími liðinn.

V.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslur í máli þessu stefnandi, Jens Óskarsson, framkvæmdastjóri stefnda, Sigurjón Helgason, Rúnar Elbert Indriðason stýrimaður og Jóhannes Smári Guðbjartsson verkstjóri.

Stefnandi máls þessa var ráðinn á skip stefnda sem skipstjóri. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda, sem útgerðarmanni bar þó að gera samkvæmt 42. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 35/1985.

Stefnandi hefur haldið því fram í stefnu, að hann hafi verið ráðinn til óákveðins tíma. Í framburði stefnanda fyrir dómi kemur fram, að ráðningartíminn hafi verið ákveðinn „út skelvertíð“, og er það í samræmi við tilgreiningu í lögskráningarbók skipsins og fullyrðingar framkvæmdastjóra stefnda um ráðningartíma stefnanda.

Ekki er ágreiningur um þýðingu afskráningar úr skiprúmi um áramót. Ágreiningur er hins vegar um það með aðilum, hvenær skelvertíð hefjist og hvenær henni ljúki. Af fram lögðum gögnum verður ekki ráðið, svo að óyggjandi sé, hvað teljist „skelvertíð“.

Þar sem stefndi fullnægði ekki þeim lagaskyldum að gera skriflegan ráðningarsamning við stefnanda og óljóst er, við hvaða tímamark starfslok stefnanda voru miðuð, verður að líta svo á, að stefnandi beri hallann af þeim sönnunarskorti. Þykir því verða að leggja til grundvallar, að ráðningartíma stefnanda hafi ekki verið lokið.

Af gögnum málsins er ljóst, að einhverjir samstarfsörðugleikar voru milli stefnanda og skipshafnar og að framkvæmdastjóri stefnda hafði tal af stefnanda 3. janúar 1990 vegna þessa og hélt jafnframt fund með öðrum skipverjum Smára, SH-221, sama dag. Gegn andmælum stefnanda hefur hins vegar ekkert komið fram, sem virða ber á þann veg, að stefnandi hafi sjálfur slitið ráðningarsamningi sínum fyrirvaralaust eða gefið í skyn, svo að ótvírætt sé, að hann hafi sagt upp störfum sínum á skipinu, enda réð framkvæmdastjóri stefnda skipstjóra í stað stefnanda að kvöldi 3. janúar 1990.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið um ráðningartíma stefnanda, á stefnandi rétt á bótum samkvæmt 3. mgr. og 4. mgr. 45. gr. laga nr. 35/1985, og ber stefnda samkvæmt því að greiða stefnanda þriggja mánaða laun frá 1. janúar 1990 til 31. mars 1990, svo sem krafist hefur verið.

Við aðalflutning málsins lagði stefndi fram uppgjör um aflaverðmæti vs. Smára, SH-221, tímabilið 4. janúar 1990 til 4. apríl 1990. Stefnandi hefur lýst yfir í stefnu, að ef stefndi legði fram uppgjör um aflaverðmæti vs. Smára, SH-221, nefnt tímabil, verði við þá fjárhæð unað. Þykir því rétt, að við ákvörðun bóta til handa stefnanda sé miðað við laun skipstjóra á vs. Smára, SH-221, tímabilið 1. janúar 1990 til 1. apríl 1990. Verður því stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 661.958 kr.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 172.000 kr., og er þar með talinn virðisaukaskattur.

Með vísan til 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. og 3. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. 199. gr. sömu laga, á stefnandi sjóveðsrétt í vs. Smára, SH-221, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan. Dómsuppsaga hefur dregist sökum embættisanna dómarans, en hann fékk mál þetta til meðferðar 1. júlí sl.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Rækjunes hf., greiði stefnanda, Jens Óskarssyni, 661.958 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1990 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 172.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnandi á sjóveðsrétt í vs. Smára, SH-221, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.